



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík 18. febrúar 2021

2102037SA KB
Málalykill: 00.64

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um farþegaflutninga og farmflutninga nr. 28/2017, mál nr. S-34/2021

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt, dags. 4. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögnum um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um farþegaflutninga og farmflutninga á landi, nr. 28/2017.

Frumvarpið felur í sér tvenns konar breytingar á gildandi lögum. Annars vegar hvað varðar skilgreiningu á tímabundnum gestaflutningum í farþegaflutningum og hins vegar hvað varðar skyldu farþega í almenningssamgöngum til að sýna fram á greiðslu fargjalds.

Afstaða sambandsins

Sambandið gerir ekki athugasemdir við að lögfest verði ákvæði er skýra tímabundna gestaflutninga í farþegaflutningum.

Hvað varðar svokallað *vanrækslugjald* þá hefur, eins og sambandið benti á í [umsögn um áform um br. á l. um farþegaflutninga og farmflutninga á landi, mál S-140/2020](#), lengi staðið til að setja slík lagaákvæði og hefði verið mjög eðlilegt að ákvæði þess efnis hefði verið hluti af frumvarpi sem varð að lögum nr. 28/2017.

Eins og fram kemur í framangreindri umsögn lýsti Samband Íslenskra sveitarfélaga megnri óánægju með það lagafrumvarp sem lagt var fyrir Alþingi og varð að lögum 28/2017 enda er þessi lagaumgjörð mjög fjarri því sem sveitarfélögin hafa kallað eftir. Þegar á árinu 2012, þegar vinna við frumvarpsgerð hófst, var sett fram sú ósk af hálfu sambandsins að sett yrðu sérstök lög um almenningssamgöngur. Ekki var orðið við þeirri ósk og lagði ráðuneytið þess í stað áherslu á að sett yrðu heildarlög um alla fólksflutninga á landi, svo sem almenningssamgöngur á vegum sveitarfélaga, akstur hópbifreiða, leigubifreiða o.s.frv. Ljóst var frá upphafi að viðfangsefnið yrði flókið og þegar upp var staðið reyndist ekki vera vilji til þess á Alþingi að afgreiða heildarlögin, aðallega vegna andstöðu frá leigubifreiðastjórum. Þess í stað lagði samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra fram nýtt frumvarp um innleiðingu tiltekinnna EES-gerða sem Ísland var orðið of seint að innleiða. Inn í það frumvarp voru tekin nauðsynlegustu ákvæði um almenningssamgöngur en ýmsum atriðum var hins vegar sleppt.


Þá ítrekar sambandið að við setningu laganna beindi umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis því til ráðherra að skipa við fyrsta tækifæri starfshóp til að vinna tillögur að

breyttu lagaumhverfi, þar sem verði lögð áhersla á að löggjöf um almenningssamgöngur endurspegli mikilvægi þeirra fyrir samfélagið í heild, ekki síst í ljósi velferðar- og umhverfissjónarmiða. Jafnframt verði lögð áhersla á að löggjöfin tryggji rekstrargrundvöll fyrir almenningssamgöngur að svo miklu leyti sem frekast er unnt. Ráðherra var falið að upplýsa Alþingi um skipan starfshópsins og um stöðu vinnunnar á haustþingi 2017. Sambandinu er ekki kunnugt um að nein vinna hafi farið fram frá þeim tíma til að bregðast við vilja Alþingis.

Fullt tilefni er til þess að gera kröfu um að nú þegar verði hafin vinna við gerð sérstakra laga um almenningssamgöngur. Úrbætur í þessum efnum verða m.a. að teljast nauðsynlegur þáttur í þeirri uppbyggingu sem fram undan er í almenningssamgöngum á höfuðborgarsvæðinu og óskar sambandið eftir því að vera þátttakandi í þeirri löggjafarvinnu.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri